

Verklagsreglur vegna inntöku á námskeið fyrir verðandi leiðsögumenn

Eftirfarandi eru verklagsreglur varðandi inntöku á námskeið fyrir verðandi leiðsögumenn með hreindýrveiðum.

Skv. lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum getur enginn tekið að sér leiðsögn með hreindýrveiðum nema hann hafi til þess leyfi Umhverfisstofnunar. Leyfi skal veitt til alls fjögurra ára í senn og miðast við tiltekin veiðisvæði. Til að geta hlotið leyfi sem leiðsögumaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa skotvopnaleyfi (B-flokk) og veiðikort.
2. Hafa staðfestingu á að hann hafi staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum.
3. Hafa þekkingu og reynslu af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra.
4. Hafa staðfestingu á þátttöku í námskeiðum Umhverfisstofnunar (sjá viðauka).
5. Hafa tvisvar á sama veiðitímabili leiðsagt með hreindýrveiðum undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns sem valinn er af Umhverfisstofnun.
6. Hafa sótt skyndihjálparnámskeið á síðustu tveimur árum.

Umhverfisstofnun heldur námskeið skv. 4. tl. 10. mgr. í samráði við hreindýraráð og skal Umhverfisstofnun m.a. meta þörf á að halda slík námskeið með tilliti til eðlilegrar nýliðunar í hópi leiðsögumanna.

Rafrænn umsóknargrunnur og meðmæli

Umsóknir fara fram í gegnum rafrænan umsóknargrunn Umhverfisstofnunar. Meðmælendur (leiðsögumenn) staðfesta meðmæli með rafrænum hætti í gegnum gagnagátt. Til að teljast gildur sem meðmælandi þarf leiðsögumaður að hafa leiðsagt minnst 50 veiðimönnum við hreindýrveiðar frá því leyfi hans tók fyrst gildi.

Skráningar og gagnaskil fyrir verklegar veiðiferðir fara einnig fram í gegnum sama grunn.

Eðlileg nýliðun á veiðisvæði

Við val inn á námskeið er sérstaklega horft til eðlilegrar nýliðunar leiðsögumanna á ákveðin svæði. Stofnunin áskilur sér rétt til þess að taka hlutfallslega fleiri nemendur inn á þau svæði þar sem þörf er talin mest.

Veiðireynsla

Við val inn á námskeið er m.a. horft til veiðireynslu umsækjanda og áskilur Umhverfisstofnun sér rétt til að fletta umsækjendum upp í gagnagrunnum til að staðfesta reynslu þeirra af hreindýrveiðum. Stofnunin áskilur sér einnig rétt til að hafa samband við leiðsögumenn sem hafa gefið meðmæli með umsækjendum.

Kynningarbréf

Öllum umsóknum skal fylgja kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir reynslu sinni af hreindýraveiðum, hvers vegna hann telur sig hæfan til að sinna starfi leiðsögumanns og hvernig hann hyggst nýta sér námið í framtíðinni.

Umsækjandi getur einnig talið fram aðra reynslu eins og aðstoð við hreindýraveiðar, reynslu af fláningu, kjötvinnslu, fjallaferðum, starfi í björgunarsveit eða annarri reynslu sem komið getur að notum við leiðsögn við hreindýraveiðar

Fjöldi svæða

Pegar nemendur skrá sig á námskeið er að hámarki hægt að velja sér eitt svæði sem umsækjandi hyggst fá réttindi á að loknu námskeiði. Svæðapróf fyrir viðkomandi svæði er innifalið í námskeiðinu en allar frekari upplýsingar um hvernig bæta skal við sig svæðum eftir það er að finna í Verklagsreglum fyrir staðþekkingarpróf.

Verklegar ferðir

Umsækjandi velur sér leiðsögumann til að fara með í tvær verklegar veiðiferðir á sama tímabili. Hægt er að velja fleiri en einn leiðsögumann til að fara í verklega ferð með. Umsóknum er ekki sjálfkrafa hafnað þó umsækjandi hafi ekki fundið sér leiðbeinanda í verklega veiðiferð en það mun telja við mat á umsóknum.

Slembitölur

Öllum umsóknum um námskeið fyrir nýja leiðsögumenn er úthlutað slembitölum. Komi til þess að velja verði milli jafnhæfra einstaklinga verður dregið úr potti umsækjenda með sama fyrirkomulagi og viðhaft er í við úrdrátt hreindýrleyfa.